

Tillögur til breytinga á samþykktum Birtu lífeyrissjóðs

Lagt fyrir aukaársfund Birtu hinn 22. júní 2017

Nýr texti samþykktanna er breiðletraður.

Þar sem nýjar greinar bætast við hliðrast númeraröð sem því nemur.

Grein 3 verði (ný grein 3.1.3):

3. gr. Deildaskipting

3.1 Sjóðurinn starfar í **þremur** aðaldeildum.

3.1.1 Samtryggingardeild. Í samtryggingardeild greiðast lögboðin eða sammingsbundin iðgjöld, sbr. gr. 10.

3.1.2 Séreignardeild, sbr. gr. 16.

3.1.3 Tilgreindri séreignardeild (T-deild). Í T-deild greiðast sammingsbundin iðgjöld, sbr. gr. 17.

3.2 Halda skal fjárhag deildanna aðskildum. Rekstrarkostnaði sjóðsins skal skipt milli deilda í hlutfalli við umfang **hverrar** deildar samkvæmt reglum sem stjórn sjóðsins setur. Deildirnar bera ekki fjárhagslega ábyrgð **hver** á annarri.

Ný grein 4.8 verði:

4.8 Þeir sem greiða til tilgreindrar séreignardeildar (T-deildar) eru réttthafar þeirrar deildar. Um réttindi þeirra og skyldur gilda ákvæði 17. gr.

Grein 10.1 verði:

10. gr. Iðgjöld

10.1 Lágmarksiðgjald til sjóðsins skal vera í samræmi við 2. gr. laga nr. 129/1997 eða hærra kveði samningar á um slíkt. Sé um launamann að ræða, skiptist iðgjaldið þannig, að launamaður greiðir 4% af iðgjaldastofni hið minnsta og launagreiðandi að lágmarki 8%. Um ráðstöfun iðgjalds umfram lágmarksiðgjald skal fara að ákvæðum kjarasamninga stéttarféлага og/eða aðildarféлага sjóðsins hverju sinni. **Hlutfall iðgjalds í tilgreinda séreign, sbr. gr. 17, fer eftir ákvörðun sjóðfélaga og innan þeirra marka sem kjarasamningur mælir fyrir um.**

Grein 11.5 verði:

11.5 Lágmarkstryggingarvernd sem sjóðurinn veitir ákvarðast af innborguðum iðgjöldum og ákvæðum Töflu I. Nánari ákvæði um lágmarkstryggingarvernd er að finna í greinum 12.-15. Iðgjald til öflunar lágmarkstryggingarverndar skal nema **að lágmarki** 12% af iðgjaldastofni. Lágmarkstryggingarvernd er miðuð við 40 ára réttindaöflun fyrir jafna greiðslu iðgjalda frá 26 ára aldri.

Nýr kafli IV (grein 17) verði:

IV. KAFLI – TILGREIND SÉREIGNARDEILD (T- DEILD)

17. gr. Tilgreind séreignardeild (T-deild)

17.1 Tilgreind séreignardeild (T-deild) lýtur sömu stjórn og aðrar deildir sjóðsins. Rekstur T-deildar, sem lýtur að varðveislu og ávöxtun iðgjalds skal vera fjárhagslega aðskilinn og ekki niðurgreiddur af annarri starfsemi.

- 17.2 Sjóðfélagi er heimilt að ráðstafa allt að 3,5% iðgjaldi af iðgjaldsstofni umfram 12% af iðgjaldsstofni í T-deild, enda sé mælt fyrir um slíkt í kjara- eða ráðningarsamningi.
- 17.3 Þeir sem greiða vilja til T-deildar skulu tilkynna það til sjóðsins með sannanlegum hætti eftir þeim reglum sem sjóðurinn setur og í samræmi við ákvæði gildandi laga. Sjóðfélagar geta með sama hætti tilkynnt að þeir óski eftir að hætta greiðslum í T-deild að hluta eða öllu leyti og rennur iðgjaldið þá til samtryggingardeildar.
- 17.4 Lífeyrissjóðurinn skal gera breytingar á ráðstöfun iðgjalds til samræmis við ákvörðun sjóðfélaga eins fljótt og kostur er og eigi síðar en tveimur almanaxsmánuðum frá því að tilkynning berst með sannanlegum hætti. Ákvörðun um breytingu á ráðstöfun iðgjalds til framtíðar hefur ekki áhrif á þegar ráðstafað iðgjald.
- 17.5 Hefja má úttekt innstæðu úr T-deild þegar sjóðfélagi hefur töku ellilífeyris samkvæmt 12. gr. samþykktu þessara, þó ekki fyrr en frá 62 ára aldri, og skulu greiðslur að lágmarki dreifast fram til 67 ára aldurs. Óski rétthafi þess er heimilt að víkja frá fyrrgreindum endurgreiðslutíma ef innstæðan er undir 500.000 kr. Viðmiðunarfjárhæð þessi breytist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitöluna 173,5 stig.
- 17.6 Rétthafi, sem vegna örorku verður að hætta störfum áður en hann nær 60 ára aldri, á rétt á að fá inneign sína í T-deild greidda með jöfnum mánaðarlegum greiðslum á eigi skemmri tíma en 7 árum. Óski rétthafi þess er heimilt að víkja frá fyrrgreindum endurgreiðslutíma ef innstæðan er undir 500.000 kr. Viðmiðunarfjárhæð þessi breytist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitöluna 173,5 stig.
- 17.7 Deyi rétthafi áður en innstæðan er að fullu greidd, fellur hún til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Láti rétthafi ekki eftir sig maka eða barn rennur innstæðan til dánarbúsins og gildir þá ekki takmörkunin í 2. málsl. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997.
- 17.8 Stjórn sjóðsins er heimilt að bjóða upp á eina eða fleiri ávöxtunarleiðir í T-deild. Móta skal sérstaka fjárfestingarstefnu fyrir hverja einstaka ávöxtunarleið í samræmi við ákvæði 36. gr. laga nr. 129/1997. Ef boðið er upp á fleiri en eina ávöxtunarleið tilkynnir sjóðfélagi um val á milli leiða með tilkynningu til sjóðsins á því formi sem sjóðurinn ákveður. Bjóði sjóðurinn upp á fleiri en eina ávöxtunarleið fyrir T-deild getur sjóðfélagi óskað eftir flutningi á milli ávöxtunarleiða eftir þeim reglum sem stjórn sjóðsins setur.

Grein 27. verði:

27. gr. Gildistaka

- 27.1 Samþykktir þessar gilda frá og með 1. júlí 2017, að fenginni staðfestingu fjármála- og efnahagsráðuneytis og koma í stað eldri samþykktu frá 1. desember 2016. Hafi fjármálaráðuneyti ekki staðfest samþykktabreytingarnar fyrir 1. júlí 2017 öðlast breytingarnar gildi 1. dag næsta almanaxsmánaðar eftir staðfestingu fjármála- og efnahagsráðuneytis.